

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á Búðagrunni.

1. gr.

Frá og með 11. mars 1992 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði, sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. Göltur við Hellnanes
2. 64°40' N – 22°40' V
3. Þormóðssker
4. Akranesvíti

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 615 20. desember 1991, um bann við veiðum í Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. mars 1992.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.